




Á ÞEYSIREIÐ UM ÞJÓÐMINJASAFN RATLEIKUR

Í gamla daga, þegar ekki voru til neinir bílar, ferðaðist fólk alltaf um á hestum. Hesturinn var fólkinu í gamla daga svo mikilvægur að hann var stundum kallaður „þarfasti þjónninn“. Á Þjóðminjasafninu má finna ýmsa muni sem tengjast hestum frá því í gamla daga. Védís og Hrafnkell hafa mikinn áhuga á hestum og vilja finna muni sem tengjast þeim. Getur þú hjálpað þeim að finna þá?



Töltu upp á 2. hæð!




1. Sérðu línurnar í gólfinu? Þetta eru útlínur af knerri sem var skip landnámsmanna og hjálpa þær okkur að skilja stærð skipanna.

Landnámsmenn voru fyrsta fólkið sem flutti frá Noregi til Íslands fyrir meira en 1000 árum. Landnámsfólkið þurfti að koma öllum eigum sínum, þar með töldum húsdýrunum sínum, fyrir í skipinu. Þar voru því meðal annars hestar með í för.

Í útlínum skipsins eru glerskápar og í einum þeirra eru hlutir sem tengjast hestum. Geturðu fundið þá?

Hvað sérðu mörg ístöð í skápnum?

Teiknaðu mynd af ístaðinu sem þér þykir fallegast hér fyrir neðan:



2. Hægra megin í salnum er svartur pallur. Þar eru geymdar grafir landnámsfólks.

Skoðaðu þessar grafir. Landnámsfólk var alltaf grafið með hlutunum sínum vegna þess að það trúði á framhaldslíf þar sem það þurfti á hlutunum sínum að halda. Finndu landnámsmanninn sem er grafinn með hestinum sínum. Hestar voru oft grafnir með eigendum sínum svo þeir gætu riðið til Valhallar. Getur þú fundið hestabeinin?

Nefndu a.m.k. 3 aðra hluti sem maðurinn var grafinn með:

3. Farðu nú lengra inn í salinn þangað til þú finnur þessa hurð en hún er geymd inni í stórum, svörtum skáp.

Skoðaðu vel efri hring hurðarinnar. Sérðu riddarann á hestbakinu?

Hvað heldur þú að sé að gerast á myndinni?



Skoðaðu nú neðri hringinn. Hvað eru margir drekar í hringnum?

4. Gakktu örfá skref áfram frá hurðinni! Sérðu hljóðstöðina? Par er hægt að hlusta á litla stelpu sem var til í gamla daga.

Hvað heitir litla stelpan?

Hvernig komust hún og mamma hennar yfir fjallið?

Hvað fékk hún að gjöf frá bróður sínum?

Pabbi litlu stelpunnar syngur hestalog fyrir krakkana. Hefurðu heyrt lagið áður?

Hvernig er vísan sem hann er að syngja? Fylltu inn orðin sem vantar:

Ríðum og ríðum

hart, hart í _____

Löng er leiðin

löt eru _____.

Týnt hef ég _____

troðið af mér _____

hallar á _____

ríða verð ég þó.

Kanntu ekki einhver
hestalög? Syngdu eitt
hestalog!




Brokkaðu nú upp á 3. hæð!

5. Farðu nú inn í teppalagt hólf sem kallast „Manntalið 1703“. Þar sérðu marga útskorna kistla.


Sumir eru málaðir og á einum þeirra eru myndir af fólki sem eru að leika við börnin sín. Geturðu fundið þann kistil?

Hvaða leik heldur þú að þau séu að leika?

Í gamla daga gat fólkið sett allt dótið sitt í einn svona kistil. Ef þú ættir að flytja og mætti bara fylla einn svona kistil af hlutum hvaða hluti myndir þú velja að taka með þér? Nefndu 3 – 5 hluti.



6. Stökktu nú af stað og skeiðaðu fram hjá húsinu sem staðsett er í miðjum salnum. Við vegginn á vinstri hönd eru hlutir sem tengjast hestum og eru þar til dæmis hnakkar. Við hliðina á öðrum hnakknum er skríttinn hlutur sem konur notuðu til þess að geta ferðast um á hestum.




Hvað heitir þessi hlutur?

Hvernig sátu þær eiginlega í honum?

Af hverju ætli þær hafi notað þennan hlut en ekki hnakk?

7. Rétt hjá í glerskáp er skríttinn, svartur búningur. Hvernig föt eru þetta?

Teiknaðu mynd af einhverjum í svona búning í kassann hér fyrir neðan.



8. Farðu nú að færibandinu og skoðu það vel.


Hvað finnur þú marga leikfangahesta á færibandinu?

Í gamla daga voru ekki til eins mörg leikföng og í dag og þess vegna léku börnin sér oft með útskorin dýr. Hvað fleira heldur þú að börnin í gamla daga hafi leikið sér með?

Hvað finnst þér skemmtilegast að leika þér með?

9. Teiknaðu mynd af hesti.

Ef þú ættir hest, hvað myndir þú vilja láta hann heita?





Takk fyrir komuna
í Þjóðminjasafnið!

- Svör:**
1. 4.
 2. Sverð, öxi, skjaldarböla, spjót, hnifur,
 3. smásteynar.
 4. Helga. Á hestbaki. Litinn tréhest. Skóginn, trippin, hnif, sko, hestinum.
 5. Hvað heldur þú?
 6. Kvensöull. Þær sátu á hlið. Þær voru í stöðum
 7. Relíföt til ferðalaga á hestbaki.
 8. 2. Til dæmis legg og skel, horn, trédukkur ofl.



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland